

Ed.

592. Nefndarálit

[194. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur fjallað um málið á þremur fundum, fengið umsagnir margra aðila og tekið við hálfu þriðja þúsundi undirskrifa, sem beint er gegn frv. Að vísu taka andmælendur frv. — að dómi nefndarmanna — ekki nægilegt tillit til þess mismunar, sem er á því veiðarfæri, sem hér er ráðgert að beita með ströngum takmörkunum, og dragnótinni í þeirri mynd sem hún áður var.

Eigi að síður telur nefndin að málið sé ekki nægilega undirbúið pólitískt og fiskifræðilega, svo að náðst geti um það æskileg sátt.

Því leggur nefndin til að deildin beini þeirri ósk til ríkisstjórnarinnar að hún hlutist til um að Hafrannsóknastofnunin haldi áfram tilraunum með kolaveiðar á Faxaflóa, svo að úr því verði skorið hvort nýta megi þennan fiskstofn á skynsamlegan hátt þannig að ekki skaði fiskislóð á þessu þýðingarmikla svæði.

Með tilliti til ofanritaðs leggur nefndin til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Alexander Stefánsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1979.

Stefán Jónsson,
form., frsm.

Oddur Ólafsson.

Ágúst Einarsson.

Geir Gunnarsson.

Karl Steinar Guðnason.

Guðmundur Karlsson.